

Benedikt Kristjánsson er fæddur 1987 á Húsavík. Hann hóf söngnám 16 ára gamall við Söngskólann í Reykjavík hjá Sibylle Köll og síðan Margréti Bóasdóttur. Samhliða námi söng hann í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð og Hamrahlíðakórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Benedikt lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2007 þar sem Margrét Bóasdóttir var kennari hans. Þar á eftir stundaði hann nám við "Hanns Eisler" tónlistarháskólann í Berlín, þar sem aðalkennari hans var Prof. Scot Weir. Hann útskrifaðist þaðan árið 2015.

Benedikt hlaut 1. verðlaun í alþjóðlegri Bach söngkeppni í Greifswald í júní 2011 og einnig verðlaun áheyrenda. Hann hlaut verðlaun áheyrenda í alþjóðlegu Bach keppninni í Leipzig sumarið 2012, fékk styrk úr Jean Pierre Jaquillat sjóðnum, og var valinn Bjartasta vonin í sígildri og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum. Árið 2016 var hann svo valinn Söngvari ársins í sígildri og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Hann hefur sótt Masterklassa hjá Peter Schreier, Christa Ludwig, Elly Ameling, Robert Holl, Andreas Schmidt, Thomas Quasthoff og Helmut Deutsch. Sem guðspjallamaður í passíum J. S. Bach, og öðrum óratoríum, hefur Benedikt komið fram víðsvegar um Evrópu og í Bandaríkjunum og sungið með hljómsveitum eins og Deutsche Kammerphilharmonie Bremen, Staatskapelle Berlin, Dresdner Barockorchester, Freiburger Barockorchester og Gaechinger Cantorey. Hann hefur komið fram sem einsöngvari í mörgum af stærstu tónleikahúsum heims, eins og Fílharmoníunni í Berlín, Concertgebouw Amsterdam, Chapelle Royal í Versöllum, og í Walt-Disney Hall í Los Angeles. Einnig hefur hann sungið í Óperuhúsunum Staatsoper Berlin, Theater Kiel og Staatstheater Braunschweig. Hann hefur unnið með mörgum virtum stjórnendum, þar má nefna Reinhard Goebel, Reinbert de Leeuw, Andreas Spring, Christoph Spring, Václav Luks og Hans-Christoph Rademann.

www.kristjansson-tenor.com

To the CD on GENUIN:
<http://www.genuin.de/island>

GENUIN

Drang in die Ferne
Schubert-Lieder und Volkslieder aus Island



Drang in die Ferne
Schubert-Lieder und Volkslieder aus Island

Benedikt Kristjánsson, Tenor
Tilman Höfs, Horn
Alexander Schmalcz, Piano

GEN 19645

Benedikt Kristjánsson, Tenor
Tilman Höfs, Horn - Alexander Schmalcz, Klavier